

**Fundargerð 45. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 30. janúar 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Anna G. Sverrisdóttir

Frá FMS: Björn Jóhannsson

Eftirfarandi mál voru rædd:

**1. Yfirlit umsókna sem bárust fyrir 22. Jan**

Kynning á umsóknum og flokkun. Björn sendir listann yfir FF6 með stöðunni um áramót. Sólrun og björn útbúa yfirlit fyrir næsta fund.

**2. Önnur mál**

Albína greindi frá fundi með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Texti frá fundi stjórnar með Valgerði Rún i ráðuneytinu 9. janúar s.l.:

Á fundi stjórnar sjóðsins með Valgerði Rún Benediktsdóttur í í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu fimmtudaginn 9. janúar s.l. var farið yfir starfsreglur stjórnar sem nú eru í endurskoðun. Þar var sérstaklega rætt um eftirfarandi atriði:

- 1) Takmarkanir á styrkveitingum vegna reglugerðar ESB nr. 1998/2006 um minniháttaraðstoð (de minimis reglu). Guðjón Bragason gerði grein fyrir skoðun sinni að þær væru óheppilega vítt orðaðar í bæði núverandi og endurskoðuðum starfsreglum, þar sem reglugerðin á ekki við opinbera aðila heldur eingöngu fyrtækni. Ákveðið var að Guðjón gerði tillögu til Helenu Karlsdóttur lögfræðings á Ferðamálastofu um orðalag greinarinnar.
- 2) Eftirlitshlutverk stjórnar og ráðuneytisins með stöðu sjóðsins og framvindu verkefna. Hvernig bregðast skuli við ef veruleg frávik verða á framkvæmd verkefna sem hlutið hafa styrk úr sjóðnum en ekki lokið verkefnum í samræmi við framlagða framkvæmda- og verkáætlun. Skilgreina þarf valdbærni Ferðamálastofu annars vegar og stjórnarinnar hins vegar til ákvarðana um breytingar frá úthlutun ráðuneytisins en fundarmenn voru sammála um að ef um verulegar forsendubreytingar er að ræða þurfi aðkomu ráðuneytisins að einstökum málum.
- 3) Hvernig bregðast á við ósk Vina Þórsmerkur um breytingu á framkvæmda- og verkáætlun göngubrúar yfir Markarfljót við Húsadal en ráðherra veitti í apríl 2013 þrjátíu miljón króna styrk til framkvæmda við smíði göngubrúar á grundvelli vinningstillögu úr hönnunarsamkeppni. Nú er fallið frá því að halda hönnunarsamkeppnina en í stað þess mun Vegagerðin reisa brú að sínum hætti. Kostnaður vegna hönnunarsamkeppni fellur því niður og forsenda styrkveitingar einnig. Niðurstaðan varð að eðlilegt væri að ráðherra endurskoðaði styrkveitinguna.

Fundinn sátu auk Valgerðar Rúnar, Albína Thordarson, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason en Anna G. Sverrisdóttir var fjarverandi.

Björn viðraði hugmynd um námskeið fyrir styrkþega

FUNDARGERÐ

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA

Björn var beðinn um að skoða stöðu á verkefni um Goðafoss

Fundargerðir áritaða: Fundargerðir 40-45 áritaðar

Fundi slitið kl. 10.00

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

S. Aðm.  
48 55